

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1979

14. desember 1979.

1007

Nr. 519.

REGLUGERÐ

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

„Erlendur gjaldeyrir“: Slegnir peningar, peningaseðlar, tékkar og aðrar ávísanir, víxlar, verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslur í erlendri mynt, ennfremur minnispeningar, gull, silfur og aðrir dýrir málmar, ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum.

„Að selja erlendan gjaldeyri“ er að láta hann af hendi fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu í hverju sem fólgin er, en „að kaupa erlendan gjaldeyri“ er að fá hann fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

„Gjaldeyrisbankar“: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og aðrir bankar, sem kunna að fá heimild til gjaldeyrisviðskipta.

„Gjaldeyrisviðskiptabankar“: Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands og aðrir bankar, sem Seðlabanki Íslands kann að veita heimild til gjaldeyrisviðskipta að fengnu samþykki ráðherra.

„Gjaldeyriseftirlitið“: Sú deild Seðlabankans sem hefur eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum samkvæmt gildandi lögum og reglum.

„Verðbréf“: Hlutabréf, hlutdeildarskírteini, skuldabréf, líftryggingarskírteini, arðmiðar o. þ. h.

„Innlendir aðilar“: Einstaklingar búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, fyrirtæki, sem eru skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis að því leyti, sem þau reka starfsemi hér á landi.

„Erlendir aðilar“: Aðrir en „Innlendir aðilar“ skv. skýrgreiningunni hér að framan.

II. KAFLI

Um innflutning.

2. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum.

Vöruinn-
flutningur.

Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar gjaldeyrisleyfum, nema annað sé ákveðið í reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Fjármagns-
og þjónustu-
greiðslur.

3. gr.

Samstarfsnefnd. Ráðuneytið skipar samstarfsnefnd um framkvæmd gjaldeyrismála, er skipuð skal fjórum mönnum, formanni, sem sé fulltrúi ráðuneytisins, fulltrúa Seðlabankans og einum fulltrúa hvors gjaldeyrisviðskiptabanka. Skal kostnaður af starfi hennar greiddur af leyfisgjöldum sbr. 5. gr. Starfsemin er undir yfirstjórn ráðuneytisins.

Verkefni hennar. Samstarfsnefnd fjallar m. a. um þau innflutningsmál og gjaldeyrisyfirfærslur, sem falla utan við starfsreglur þær, sem gjaldeyrisbönkunum eru settar. Hún skal ennfremur fylgjast með framkvæmd þessara mála og sjá um að fyllsta samræmis sé gætt við afgreiðslu þeirra milli bankanna.

4. gr.

Leyfisvörur. Óheimilt er að flytja til landsins vörur, sem háðar eru leyfum, nema gjald-eyris- og/eða innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir þeim. Gjald-eyrisviðskiptabankar annast útgáfu gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa í umboði ráðuneytisins og eftir reglum, sem það setur í samráði við Seðlabankann. Falli umsókn utan þessara reglna, skal henni vísað til samstarfsnefndarinnar, sem gefur bankanum nánari fyrirmæli um afgreiðslu hennar.

Óheimilt er að bjóða til sölu eða framselja gjaldeyris- og/eða innflutnings-leyfi.

Heimilt er að gefa samtökum innflytjenda upplýsingar um innflutningsleyfi.

5. gr.

Leyfisgjald. Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi, greiði gjaldeyrisviðskipta-banka 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 200 kr. fyrir hvert einstakt leyfi.

Af leyfum fyrir bensíni og brennsluolíum, sem falla undir tollskrárnúmer 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 svo og flutningsgjöldum af þessum vörum, skal leyfis-gjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um.

Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði.

Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu gjaldeyris eða leyfis, ef afhending gjald-eyris fer ekki fram á sama tíma.

Þriðjungur leyfisgjaldsins rennur til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál og gjaldeyrisbankanna m. a. til að standa straum af kostnaði við útgáfu og tölvu-skráningu leyfa svo og skýrslugerðir, en afgangur í ríkissjóð.

6. gr.

Skýrslu-skylda bankanna. Gjald-eyrisviðskiptabankarnir skulu reglulega senda viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum sundurliðaðar skýrslur um útgefin gjaldeyris- og innflutnings-leyfi, um greiðslufrest og vörukaupalán.

7. gr.

Greiðslustaðfestingar. Engar vörur má tollafgreiða nema með vöru- eða innkaupareikningum fylgi staðfesting gjaldeyrisbanka um, að varan hafi verið greidd eða greiðsla hennar verið tryggð með öðrum hætti. Getur staðfestingin verið í formi afrits af gjald-eyriskaupanótu vegna viðkomandi innflutnings eða með öðrum hætti.

Efni vöru-reikninga. Með tilvísun til ákvæða laga um tollskrá o. fl. nr. 120/1976, sjá einkum 18. gr. þeirra um vöru-reikninga og önnur staðfestingarskjöl, er gjaldeyriseftirlitinu heimilt að ákveða, að afgreiðsla gjaldeyris, almennt eða í sérstökum tilfellum, sé háð skilyrð-um, sem það kann að setja um frágang og efni vöru- eða innkaupareikninga.

Það er skilyrði hvers konar gjaldeyrissölu- og -kaupa, að viðskiptavinir gefi upp í banka nafnúmer eða fyrirtækjanúmer, eftir því hvort um einkaviðskipti eða verslunarviðskipti er að ræða. Nafn- og fyrirtækjanúmer.

III. KAFLI

Um útflutning.

8. gr.

Útflutningur á vörum er háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessari reglu. Ennfremur getur ráðuneytið sett það skilyrði, að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn, sem æfluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti innan við 50 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar. Útflutningsleyfi.

9. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þ. á. m. um sölukjör, hugsanleg lánskjör, meðferð skjala og fleira. Skilyrði leyfa.

10. gr.

Útflutjendur skulu veita viðskiptaráðuneytinu upplýsingar, sem það kann að óska um útflutning, svo sem um verð, umboðslaun og markaðshorfur. Upplýsingaskylda.

Ennfremur getur ráðuneytið krafist, að fram séu lagðir endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru, sem flutt var út í umboðssölu.

11. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflutjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur á þar til gerðum eyðublöðum um hinar útfluttu vörur, tvö afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, svo og tvö afrit af sölureikningi, ef salan hefur farið fram. Ef sala varanna fer fram síðar, skulu útflutjendur, auk ofangreindra skjala, afhenda gjaldeyriseftirlitinu endanlegan sölureikning eða söluuppgjör, þegar sala hefur farið fram. Útflutningsskýrslum skulu fylgja útflutningsleyfi, svo og matsvottorð, þegar það er áskilið. Meðferð útflutnings-skjala.

Útflutningsskjöl yfir vöru, sem seld hefur verið eða samið um sölu á, skulu útflutjendur afhenda eða senda gjaldeyrisviðskiptabanka hér þegar í stað til innheimtu, nema öðruvísi sé kveðið á í útflutningsleyfi, svo sem ef vara er greidd fyrirfram, og skal yfirlýsing útflutjanda þar að lútandi gefin tollstjóra á útflutningsskýrslur við afgreiðslu.

Sölureikningar fyrir útfluttar vörur skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal söluverðið tilgreint í íslenskrí og erlendri mynt, og skal miðað við dagskaupgengi. Á sölureikningi skal og greina aðra söluskilmála.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en fering þeirra á sér stað, og mega farmflutjendur ekki afhenda útflutjendum frumrit af farmskírteinum, nema með leyfi viðkomandi tollstjóra.

Skýrslur þarf þó ekki að gefa um sýnishorn, gjafa- og póstsendingar, sem undanþegnar eru útflutningsleyfum skv. 8. gr. Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðri það til útlanda.

Útflytjendur fisks, sem seldur er á erlendum uppboðsmarkaði eða í umboðssölu, skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skilagrein (yfirlitsreikning) ásamt fylgiskjölum yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast. og ennfremur önnur gögn í þessu sambandi, sem gjaldeyriseftirlitið kann að óska eftir, strax og þau berast og eigi síðar en tveim mánuðum frá söluþegi. Sama gildir um allar vörur, sem seldar eru í umboðssölu erlendis.

Ennfremur getur gjaldeyriseftirlitið krafist þess, að útflytjendur afurða leggi fram öll þau gögn, sem snerta sölu afurðanna, svo sem sölusamninga, vigtarvottorð, efnagreiningarvottorð, o. þ. h., og úrskurðar það í samráði við ráðuneytið réttmæti krafna um afslætti og skaðabætur vegna þessa, sem kunna að koma til frádráttar gjaldeyris-skilum á grundvelli framlagðra gagna.

12. gr.

Vöruskjöl. Annað samrit af aðalfarmskrá þeirri, sem ræðir um í 23. gr. laga nr. 59/1969 skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda gjaldeyriseftirlitinu, ásamt afriti af útflutningsskýrslum, farmskirteinum og sölureikningum, eigi síðar en 15 dögum eftir tollafgreiðslu.

Skyldur erlendra skipstjóra og annarra farstjóra. Skipstjórar, farstjórar eða afgreiðslumenn erlendra skipa eða farartækja, eru skyldir til að gefa tolleftirlitsmanni skýrslu um það, hvernig vörur, sem keyptar hafa verið fyrir skipið eða farartækið, svo og önnur veitt þjónusta, hefur verið greidd og til hvaða aðila greiðslan gekk eða á að ganga.

IV. KAFLI

Um gjaldeyrisviðskipti.

13. gr.

Sölu- og skilaskylda gjaldeyris. Allur erlendur gjaldeyris, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur og þjónustu, skal seldur eða honum skilað til gjaldeyrisbanka innan eðlilegs frests frá því að gjaldeyrisinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Um söluskyldu eru nánari ákvæði í 14. gr., en heimild til að fullnægja skilaskyldu gjaldeyris m. a. með innlögn á innlendan gjaldeyrisreikning er í 16. gr.

14. gr.

Söluskyldur gjaldeyris. Skyld er að selja gjaldeyrisbanka þann erlenda gjaldeyri, sem innlendir aðilar fá fyrir:

- Útfluttar vörur.
- Endurgreiðslur fyrir innfluttar vörur og aðrar endurgreiðslur, ef forsenda greiðslu hefur fallið niður eða upphæð breyst af einhverjum ástæðum.
- Þjónustu og afgreiðslu erlendra skipa og flugvéla.
- Þjónustu við ferðamenn, án tillits til í hverju hún er fólgin, sbr. þó 16. gr. A.a.
- Þjónustu opinberra aðila.
- Viðskipti við varnarliðið.
- Greiðslur vegna útlagðra króna héraðs fyrir erlenda aðila.
- Sölu á íslenskum hlutabréfum, verðbréfum og öðrum íslenskum eignum til erlendra aðila, svo og leigu eða afnot erlends aðila á íslenskri eign.

15. gr.

Sölufurðir með fisk. Útgerðarmönnum skipa, sem selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, er heimilt að draga frá söluandvirði fisksins í hlutaðeigandi ferð, skyldugreiðslur til

skipverja, nauðsynlegan kostnað vegna afgreiðslu og veru skipanna erlendis, svo og andvirði nauðsynja til skipsins, þar með talin veiðarfæri vegna útgerðar þess.

Sá gjaldeyrir, sem eftir verður, skal seldur innlendum gjaldeyrisbanka sbr. 13. og 14. gr.

16. gr.

Þeim aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri fyrir annað en nefnt er í 14. grein, er heimilt að leggja hann inn á innlenda gjaldeyrisviðskipta- eða gjaldeyrisreikninga við íslenska gjaldeyrisviðskiptabanka, eins og hér segir:

Innlendir
gjaldeyris-
reikningar.

A. Fyrirtækjareikningar, almennir.

Eftirtöldum aðilum er heimilt að leggja þann erlenda gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast vegna viðskipta sinna, annað en greindir í 14. og 15. gr., inn á innlenda gjaldeyrisviðskiptareikninga. Geta þeir ráðstafað honum þaðan til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta við erlenda aðila eða með sölu til innlends gjaldeyrisbanka:

Innlendir
fyrirtækja-
reikningar —
almennir —

- Eigendum íslenskra flutningstækja, sem starfrækt eru að hluta eða öllu leyti erlendis. Geta þeir til viðbótar ofanskráðu ráðstafað gjaldeyrinum til samningsbundinna greiðslna til áhafna skv. kjarasamningum.
- Innlendum aðilum, sem reka fyrirtæki erlendis.
- Innlendum váttryggingarfélögum, sem endurtryggja erlendis í erlendum gjaldeyri, eða taka að sér tryggingar erlendis.
- Innlendum aðilum, sem fá umboðslaunatekjur frá erlendum viðskiptaaðilum.

Sömu aðilum er heimilt að geyma sambærilegan erlendan gjaldeyri á erlendum bankareikningum eða hjá erlendum viðskiptaaðilum, enda sé ekki um óeðlilega mikið fé að ræða né óeðlilega langan geymslutíma.

B. Fyrirtækjareikningar, sérstakir.

Með sérstakri heimild frá gjaldeyriseftirlitinu geta fyrirtæki og stofnanir, sem nauðsynlega þurfa á því að halda vegna starfsemi sinnar, lagt þann erlenda gjaldeyri, er þau eiga eða eignast inn á innlenda gjaldeyrisviðskiptareikninga og ráðstafað honum þaðan til samningsbundinna greiðslna til erlendra aðila eða með sölu til gjaldeyrisbanka.

Sérstakir
reikningar
fyrirtækja.

Skýlt er þeim, er notfæra sér ofangreindar heimildir í A og B, að gefa gjaldeyriseftirlitinu reglulega skýrslu um þessar gjaldeyristekjur og ráðstafanir á þeim eftir nánari fyrirmælum þess, svo og um tilvist erlendra reikninga.

C. Reikningar einstaklinga.

Einstaklingum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri og gjaldeyririnn er tilkominn vegna annars en um getur í 14. gr. lið a-h, er heimilt að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning í gjaldeyrisviðskiptabanka.

Reikningar
einstaklinga.

Heimilt er eigendum slíkra reikninga að ráðstafa fé af þeim til greiðslu á vörum og erlendri þjónustu vegna eigin þarfa.

17. gr.

Ráðstafanir fjár af reikningum skv. 16. gr. eru háðar reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Reglur um
gjaldeyris-
reikninga.

Seðlabankinn setur nánari reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga sbr. 16. gr., að höfðu samráði við ráðuneytið og að fengnu áliði gjaldeyrisviðskiptabankanna, þ. á m. um hámark greiðslna af reikningum skv. C-lið.

18. gr.

Greiðslukort. Í samráði við samstarfsnefnd getur gjaldeyriseftirlitið heimilað notkun viðurkenndra greiðslukorta (kreditkorta) hjá erlendum aðila, með þeim skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

V. KAFLI

Um erlend lán og greiðslufrest.

19. gr.

Erlendar lántökur. Ráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um lántökur og leigusamninga til lengri eða skemmri tíma, þ. m. t. stutt vörukaupalán.

Á grundvelli þeirra reglna skal sérstök nefnd fjalla um umsóknir um heimild til lántöku til lengri tíma en 12 mánaða og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um afgreiðslu þeirra. Nánari reglur um lántökur og greiðslufrest til skemmri tíma en 12 mánaða skulu settar með sérstakri reglugerð eða í auglýsingu.

20. gr.

Lánanefnd. Í lánanefnd sbr. 19. gr. eiga sæti 6 fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðuneytinu, Seðlabankanum, gjaldeyrisviðskiptabönkunum, fjármálaráðuneytinu, Framkvæmdastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Formaður nefndarinnar er fulltrúi viðskiptaráðuneytisins, en umsóknir um lántökuheimildir skulu sendar viðskiptaráðuneytinu.

21. gr.

Einkalán. Lántaka til einkaparfa og ekki í atvinnuskyni hjá fjölskylduaðilum, búsettum erlendis, er heimil, þegar útborgun og skráning hennar fer fram í gjaldeyrisviðskiptabanka og lánsfjárhæðir til sama aðila nema eigi hærri fjárhæð en kr. 5 000 000 á ári eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

22. gr.

Framlagning lánskjala. Þeir, sem taka erlend lán önnur en vörulán eða greiðslufrest til skemmri tíma en 12 mánaða, skulu leggja sem fyrst fyrir gjaldeyriseftirlitið lánskjöi og önnur þau gögn, sem snerta lántökuna, og í síðasta lagi, þegar lánsfjárhæðin er hafin eða notuð. Hið sama á við, ef lántakan eða gjaldfresturinn er í formi kaupa á fjárfestingarvörum. Gjaldyrisviðskiptabankarnir skulu afgreiða slík skjöl, að höfðu samráði við gjaldeyriseftirlitið.

23. gr.

Lán til erlendra aðila o. fl. Innlendum aðilum er óheimilt, án leyfis hlutaðeigandi yfirvalds, að veita erlendum aðilum lán, setja tryggingu eða ganga í ábyrgð til hagsbóta fyrir þá, eða að takast á hendur slíka ábyrgð fyrir erlenda aðila gagnvart innlendum aðila.

Takmörkun á framsali verðmæta út úr landinu. Þá er innlendum aðilum og óheimilt, án leyfis gjaldeyriseftirlitsins eða annarra yfirvalda, er hlut eiga að máli, að framselja eða veðsetja erlendum aðilum verðmæti á Íslandi eða erlendis án þess að greiðsla komi fyrir.

Ekki þarf þó slíkt leyfi, ef afhendingin er liður í arfsúthlutun eða fullnustugerð vegna skulda, sem löglega er til stofnað, en hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tilkynna gjaldeyriseftirlitinu slíka afhendingu til skráningar.

24. gr.

Móttaka fjármagns utanlands frá en ekki í lánsformi. Innlendum aðilum er skylt að tilkynna gjaldeyriseftirlitinu fyrirfram fjármagnsframlög í atvinnurekstur frá erlendum aðilum og flutning þeirra til landsins.

25. gr.

Að fengnu samþykki gjaldeyrisviðskiptabanka, er innflytjendum kornvara, oliuvara, járns, timburs og hliðstæðra magnvara heimilt að gera fyrirfram samninga um slík vörukaup til landsins og tryggja sér kaup á gjaldeyri til greiðslu á þeim á ákveðnu gengi, skv. nánari samningum við bankann, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

Fyrirfram
gjaldeyris-
kaup vegna
innflutnings
á magn-
vörum.

- 1) Vörurnar komi til landsins innan 6 mánaða frá samningsgerð.
- 2) Innflytjandi greiði bankanum kaupverð þess gjaldeyris, sem hann tryggir sér um leið og samningur er gerður, enda sé frumrit hans jafnframt lagt fram.
- 3) Bankinn geymi gjaldeyrinn á reikningi, þar til greiða þarf erlenda aðilanum, og öll skjöl fari um hendur hans.

26. gr.

Innlendum aðilum er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis eða erlend verðbréf, nema að fengnu leyfi Seðlabankans.

Fasteigna- og
verðbréfa-
kaup erlendis.

Innlendir aðilar, sem eiga eignir erlendis, svo sem fasteignir og verðbréf, skulu skrásetja þær hjá gjaldeyriseftirlitinu.

Ráðstöfun á andvirði eigna þessara og tekjum af þeim er háð samþykki Seðlabankans.

27. gr.

Reiðufé í íslenskum krónum, sem aðilar búsettir erlendis eiga eða eignast hér á landi, skal að öðru jöfnu geyma á reikningi á nafni eiganda hjá innlánsstofnun, ef ætlunin er að sækja um yfirfærslu á því til útlanda. Á sama hátt skal verðbréfaeign sömu aðila í íslenskum krónum geymd í innlánsstofnun.

Eignir
erlendra
aðila í lausu
fé á banka-
reikningi.

Fjárhæðir, svo sem reikningsinnstæður, andvirði seldra eigna, arfur eftir þá, sem búsettir eru hér á landi við andlát, andvirði líf- og lífeyristryggingar, útdreginna skuldabréfa, endurgreiðsla lána, geymslufé, tekjur af eignum, eftirlaun, lífeyrir o. þ. h., sem aðilar, fluttir búferlum héðan til útlanda, eiga eða eignast, skal heimilt að yfirfæra til útlanda eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

VI. KAFLI

Um verslun banka með erlendan gjaldeyri o. fl.

28. gr.

Rétt til að selja og kaupa erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabanka Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum hönkum, svo og pósthjónninni, að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka, sem hún setur.

Gjaldeyris-
viðskipta-
bankar.

Bankar, sparisjóðir, hótél, ferðaskrifstofur, verslunaraðilar og aðrir, sem skipta reglulega við erlenda ferðamenn, hafa heimild til að skipta erlendum gjaldeyri þeirra. Sá gjaldeyrir skal allur seldur gjaldeyrisviðskiptabanka reglulega og án óeðlilegs dráttar. Þessum aðilum er ekki heimilt að veita viðtöku andvirði útfutningsvara, en þau viðskipti skulu öll fara um hendur gjaldeyrisviðskiptabanka.

Aðrir
gjaldeyris-
viðskipta-
aðilar með
kaupa-
heimild.

Innlendum aðilum er heimilt að selja erlendum ferðamönnum vörur og þjónustu gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri, enda sé hann seldur banka reglulega og án óeðlilegs dráttar. Upplýsingar um eðli viðskiptanna skulu fylgja við sölu gjaldeyrisins.

Viðskipta-
aðilar.

29. gr.

Skil gjald-
eyris
af hálfu
gjaldeyris-
viðskipta-
banka.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

30. gr.

Um inn- og
útflytning
peningaseðla
o. fl.

Seðlabankinn skal setja reglur um útflytning og innflytning peningaseðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, ennfremur skulda- bréfa, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslur í íslensk- um eða erlendum gjaldeyri. Skulu slíkar reglur auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

VII. KAFLI

Gjaldeyriseftirlit.

31. gr.

Aðal-
verkefni.

Verkefni gjaldeyriseftirlitsins eru einkum þessi:

- a. Að hafa eftirlit með því, að erlendum gjaldeyrir fyrir vörur, þjónustu eða annað sé seldur eða honum skilað til gjaldeyrisbanka.
- b. Að hafa eftirlit með því, með aðstoð gjaldeyrisviðskiptabanka, að erlendum gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlast.
- c. Að fylgjast með meiri háttar fjármagnsfærslum til og frá landinu, m. a. lán- tókum, uppgjöri á samningum varðandi mannvirkjagerð og í því sambandi flutningi tækja til og frá landinu og þess háttar. Skal eftir því sem hægt er, fylgst með bankameðferð skjala og færslum jafnóðum og þær fara fram, og fylgt eftir í samvinnu við banka, að farið sé eftir settum reglum.
- d. Að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem fara fram án milligöngu banka.
- e. Að fylgjast með framkvæmd reglna um gjaldeyrisviðskipti, þ. á m. notkun gjaldfrests, leyfa og reikningshaldi innlendra gjaldeyrisreikninga.
- f. Önnur verkefni, sem því eru falin.

32. gr.

Skýrslu-
skylda til
gjaldeyris-
eftirlitsins.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum, þ. m. t. lántökum og flutningi fjármagns og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Gjaldeyriseftirlitið getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að þess mati vegna starfsemi þess, bæði frá viðskipta- og einkaaðilum og eins frá stofnunum og starfsmönnum þeirra. Það getur kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur það rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauð- synlegar athaganir.

33. gr.

Upplýsinga-
skipti við
opinbera
aðila.

Gjaldeyriseftirlitið getur í starfi sínu krafist hvers konar upplýsinga, aðgangs og afhendingar á skjölum frá öðrum opinberum aðilum, þar á meðal frá innláns- stofnunum, skatt- toll- og verðlagsyfirvöldum. Því er og heimilt að veita sömu aðilum upplýsingar og afhenda þeim gögn, sem þeim eru nauðsynleg í starfi sínu.

34. gr.

Stöðvun
gjaldeyris-
afgreiðslu.

Gjaldeyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu og gjald- eyrisafgreiðslur, þ. m. t. erlendar lántökur til þeirra aðila, sem að þess mati hafa

brotið settar gjaldeyrisreglur, þ. á m. um skilaskyldu gjaldeyris, notkun gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

Gjaldeyriseftirlitið tilkynnir gjaldeyrisviðskiptabönkunum ákvörðun um stöðvun gjaldeyrisölu, og ber þeim að sjá um framkvæmd ákvörðunarinnar og veita gjaldeyriseftirlitinu nauðsynlega aðstoð í því sambandi.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Seðlabankinn getur við óvenjulegar aðstæður, svo sem þegar óvissa ríkir í Niðurfelling gengisskráningum og gjaldskráum innanlands eða utan, einhliða fellt niður gengisskráningu.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er þó heimilt að annast nauðsynlegar yfirfærslur, á meðan gengi er ekki skráð, enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu gjaldeyrisins, og gengið endanlega frá greiðslu hans strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

36. gr.

Gjaldskrá bankanna um þóknarir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal samin og útgefin af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og birt í Lögbirtingablaðinu.

Gjaldskrá um gjaldeyrisviðskipti.

37. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, skv. ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, sbr. þó ákvæði 33. gr. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

Þagnarskylda.

38. gr.

Gjaldeyrisviðskiptabönkum og öðrum aðilum, sem viðskipti hafa með erlendan gjaldeyri, er skylt að veita ráðuneytinu, samstarfsnefnd skv. 3. gr. og gjaldeyriseftirlitinu allar þær upplýsingar, sem óskað kann að verða um gjaldeyrisfélagsmál.

Upplýsingaskylda ýmissa aðila.

39. gr.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 15 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum.

Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

40. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63, 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands,

Viðurlög.

öðlast gildi hinn 1. febrúar 1980. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 14. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Dórhallur Ásgeirsson.

Nr. 520.

4. desember 1979.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningarsjóðs Borgarness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 4. desember 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarness.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 22. mars 1967, í tilefni af 100 ára verslunarafmæli Borgarness.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

- a) Að styrkja námsfólk úr Borgarnesi, sem sýnt hefur góðan námsárangur (skarað hefur fram úr í námi), til framhaldsnáms innanlands eða utan.
- b) Að búa Dvalarheimili fyrir aldrað fólk í Borgarnesi svo úr garði, að það uni dvöl sinni þar sem best.
- c) Að styrkja önnur mál sem varða menningar-, (mennta-) og umhverfismál Borgnesinga.
- d) Að leggja fram fé til Listasafns Borgarness.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00, ein milljón krónur, sem greidd var af Borgarneshreppi árin 1968—1977.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Árlegt framlag Borgarneshrepps, er nemur 1% af álögðum útsvörum á hverjum tíma (í fyrsta sinn 1978).
- b) Vextir, áheit og önnur skyld fjárframlög.
- c) Minningargjafir og aðrar gjafir til menningarmála.